

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisn og Pírata varðandi ákvörðun um fjölda nemenda sem greitt verður framlag vegna í Arnarskóla skólaárið 2021-2022**

Lagt er til að borgarráð samþykki að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Arnarskóla skólaárið 2021-2022 verði ellefu nemendur og fjölgar nemendum því um fjóra nemendur frá því sem nú er á yfirstandandi skólaári.

Þessu til samræmis er lagt til að skóla- og frístundaráð og borgarráð heimili sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samning við Arnarskóla um framlag vegna tilgreindra ellefu reykvískra nemenda sem sótt hefur verið um skólavist vegna við skólann skólaárið 2021-2022, innan umsóknarfrests og sem uppfylla skilyrði meðferðar Reykjavíkurborgar á umsóknum í skólann, sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 21. janúar 2021.

Að öðru leyti verði af hálfu Reykjavíkurborgar ekki samþykkt framlög vegna fleiri reykvískra nemenda við Arnarskóla fyrir skólaárið 2021-2022.

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins.

Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaársins 2021-2022.

### **Greinargerð:**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. janúar 2021 og í borgarráði þann 21. janúar 2021 var samþykkt verklag um meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2021 – 2022.

Samkvæmt verklagi um meðferð umsókna í Arnarskóla getur Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um greiðslu tilgreinds framlags til Arnarskóla fyrir tilgreinda nemendur með lögheimili í Reykjavík á hverju skólaári samkvæmt ákvörðun skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.

Þegar fjöldi umsókna sem uppfylla viðmið um inntöku í Arnarskóla samkvæmt mati skólans og skóla- og frístundasviðs liggur fyrir, eftir 1. mars árlega, er skóla- og frístundaráð upplýst um fjöldann og jafnframt lögð fram tillaga um fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Áður hafi tillaga með kostnaðarmati verði send fjármála- og áhættu- stýringarsviði Reykjavíkurborgar til umsagnar. Samþykkttri tillögu skóla- og frístundaráðs um fjölda nemenda ber að vísa til afgreiðslu borgarráðs. Samþykki er bundið við þá nemendur sem uppfylla skilyrðin.

Matsteymi hefur lagt mat á þær ellefu umsóknir sem borist hafa vegna skólavistar í Arnarskóla skólaárið 2021 - 2022 til samræmis við samþykkt verklag í borgarráði þann 21. janúar 2021 um meðferð umsókna í Arnarskóla. Niðurstaða matsins er að uppfyllt eru í öllum tilfellum viðmið um inntöku í Arnarskóla. Matsteymið mælir með því að fyrirliggjandi umsóknir verði samþykktar, sjá nánar í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2021.

*Heimild sveitarfélags til að takmarka fjárframlög*

Í 1. mgr. 43. gr. a í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Í ákvæðum laga um grunnskóla, með síðari breytingum, eða reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarfélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn sérskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í. Ekki er gert ráð fyrir að þjónustusamningur sem staðfestur er af Menntamálastofnun sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, með sama hætti og ef sjálfstætt rekinn grunnskóli er staðsettur í sama sveitarfélagi og viðkomandi á lögheimili í. Á hinn bóginn hafa sveitarfélög almenna heimild í 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustustarfsemi sem þeim er lögum skylt eða heimilt að sinna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla eiga grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag, sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda. Þá getur Reykjavíkurborg takmarkað hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélaginu ber að greiða kostnað af, sbr. 7.tl. 43. gr. a laga um grunnskóla, með hliðstæðum hætti og sveitarfélag sem sjálfstætt rekinn grunnskólar starfar í.

Þá verður að gera ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Fjárhagsleg áhrif:*

Vísað er til þess er fram kemur í minnisblaði skóla- og frístundasviðs, dags. 7. júní 2021, og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 7. júní 2021. Fram kemur í framangreindu minnisblaði fjármála- og áhættustýringarsviðs að árlegur heildarkostnaður vegna 11 nemenda sé kr. 198.778.980. Sá kostnaður gæti hækkað eitthvað lítillega þar sem mánaðarleg skólagjöld eru tengd launavísitölu. Vöntun í ramma á ársgrundvelli væri því kr. 81.074.980. Vegna ársins 2021 væru áhrifin þó vegna hluta ársins þar sem nýir nemendur myndu hefja nám 20. ágúst og því væri vöntun í ramma ársins 2021 kr. 32.277.800, en þar af eru rúmar 4,5 m.kr. vegna vanfjármögnunar vegna þeirra 7 nemenda sem þegar eru við nám við skólann.

Mun skóla- og frístundasvið því óska eftir því við borgarráð að samþykktur verði viðauki til að standa straum af þessum kostnaði.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Ákvörðun um fjölda og framlag vegna reykvískra nemenda í Arnarskóla*

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. janúar 2021 og í borgarráði þann 21. janúar 2021 var samþykkt verklag um meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2021 – 2022, sjá nánar í meðfylgjandi verklag.

Samkvæmt verklagi um meðferð umsókna í Arnarskóla getur Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um greiðslu tilgreinds framlags til Arnarskóla fyrir tilgreinda nemendur með lögheimili í Reykjavík á hverju skólaári samkvæmt ákvörðun skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.

Þegar fjöldi umsókna sem uppfylla viðmið um inntöku í Arnarskóla samkvæmt mati skólans og skóla- og frístundasviðs liggur fyrir, eftir 1. mars árlega, er skóla- og frístundaráð upplýst um fjöldann og jafnframt lögð fram tillaga um fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Áður hafi tillaga með kostnaðarmati verði send fjármála- og áhættu- stýringarsviði Reykjavíkurborgar til umsagnar. Samþykkttri tillögu skóla- og frístundaráðs um fjölda nemenda ber að vísa til afgreiðslu borgarráðs. Samþykki er bundið við þá nemendur sem uppfylla skilyrðin.

### *Upplýsingar um umsóknir*

Skóla- og frístundasviði hafa borist framhaldsumsóknir frá foreldrum þeirra sjö nemenda sem nú þegar stunda nám í Arnarskóla. Auk þess bárust umsóknir frá foreldrum tíu nýrra nemenda um skólavist í Arnarskóla skólaárið 2021 – 2022.

Arnarskóli hefur samþykkt umsóknir þeirra sjö nemenda sem nú eru í Arnarskóla og hefur auk þess boðið fimm nýjum nemendum með lögheimili í Reykjavík skólavist í haust. Foreldrar eins þeirra afþakkaði plássíð. Þrír nemendur sem sótt er um fyrir eru fæddir 2015 og því að hefja sína skólagöngu í haust en fjórði nemandinn er fæddur árið 2012.

Með vísan til framangreinds hefur matsteymi lagt mat á umsóknirnar ellefu til samræmis við samþykkt verklag um meðferð umsókna í Arnarskóla. Matsteymið mælir með því að fyrirbyggjandi umsóknir verði samþykktar.

## *Reykvískir nemendur í Arnarskóla og þjónustusamningur við Arnarskóla*

Skólaárið 2020 – 2021 eru sjö reykvískir nemendur í Arnarskóla. Þann 9. september 2020 var undirritaður samningur við Arnarskóla vegna framangreindra nemenda auk viðauka, dags. 2. mars 2021. Foreldrar þessara nemenda hafa allir sótt um skólavist í Arnarskóla á komandi skólaári í samræmi við verklagsreglur.

### *Helstu forsendur ákvörðunar*

Samkvæmt 1. málslíð 3. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögnum

Þá er í 4. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla kveðið á um að telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Í 1. mgr. 43. gr. a í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í ákvæðum laga um grunnskóla, með síðari breytingum, eða reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarfélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um í sjálfstætt reknum sérskóla fyrir nemanda sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í.

Ekki er gert ráð fyrir að þjónustusamningur sem staðfestur er af Menntamálastofnun sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins með sama hætti og ef sjálfstætt rekinn grunnskóli er staðsettur í sama sveitarfélagi og viðkomandi nemandi á lögheimili í. Á hinn bóginn hafa sveitarfélög almenna heimild í 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustustarfsemi sem þeim er lögum skylt eða heimilt að sinna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla eiga grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag, sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda. Þá getur Reykjavíkurborg takmarkað hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélaginu ber að greiða kostnað af, sbr. 7.tl. 43. gr. a laga um grunnskóla, með hliðstæðum hætti og sveitarfélag sem sjálfstætt rekinn grunnskólar starfar í.

Þá verður að gera ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt

rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Verklag um meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla skólaárið 2021 - 2022 eru byggð á framangreindum sjónarmiðum.

### *Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif*

Arnarskóli tekur gjald vegna skólavistar sem tekur mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Framangreindur kostnaður er greiddur af því sveitarfélagi sem nemandi á lögheimili í. Miðað er við átta tíma skólavist og frístundaþjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins.

Samkvæmt upplýsingum skólans í apríl 2021 innheimtir Arnarskóli gjald af foreldrum vegna frístundaþjónustu að fjárhæð kr. 26.000 á mánuði. Þá greiða foreldrar aukalega fyrir fæði að hámarki kr. 18.009.- Samtals greiða foreldrar því að hámarki kr. 44.009.- Ekki er innheimt gjald af foreldrum vegna skólagöngu.

Mánaðargjald sveitarfélagsins fyrir apríl 2021 er kr. 1.455.265 fyrir hvern nemanda til 12 mánaða. Samkvæmt núgildandi samningi við Arnarskóla er um að ræða heildarframlag til skólans vegna skólagöngu og frístundaþjónustu þeirra nemenda sem samningurinn nær til, til samræmis við einstaklingsnámskrá sem afhentar hafa verið skóla- og frístundasviði. Núgildandi samningur skóla- og frístundasviðs við Arnarskóla er til 12 mánaða og gildir til 22. ágúst 2021.

Einn nemandi sem samþykktur hefur verið í Arnarskóla er með óvenju mikla stuðningsþörf og telur skólinn sig ekki geta mætt hans þörfum án viðbótarfjármagns að upphæð kr. 557.000 kr. á mánuði að minnsta kosti fyrst um sinn. Framlag vegna þessara fjögurra nemenda til viðbótar og núverandi sjö nemenda skólaárið 2021-2022 yrði því kr. 198.778.980 ( $11 \times 1.455.265 \times 12 + 557.000 \times 1 \times 12$ ).

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að nemandi sem kemur úr Klettaskóla eða einhverfudeild taki með sér fjármagn úr viðkomandi sérúrræði. Fari nemandi úr slíku úrræði fækkar ekki plássum þar heldur eru teknir inn nýir nemendur í laus pláss. Ekki er raunhæft að ætla að þessi úrræði dragist saman við það að börn þar flytjist yfir í Arnarskóla en hins vegar má leiða að því líkum að lítillga geti dregið úr ákalli um fjölgun eða stækkun.

Áætlaður kostnaður við barn í Klettaskóla ásamt því að vera í frístund allt árið er kr. 18.144.481, til samanburðar er kostnaður Arnarskóla 17.463.180.- á ári miðað við almennt gjald en 24.147.180 vegna barna með aukna þjónustuþyngd (kr. 6.684.000 á ári).

Hjá Klettaskóla fellur stór hluti barna undir að hafa mikla þjónustuþyngd og hefur hún verið að aukast mikið á síðustu árum og eykst enn. Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2021 var aukið fjármagn um 114 m.kr. sem er hækkun pr. barn um 877 þús. á ári. Þrátt fyrir þessa hækkun er rekstur á Klettaskóla erfiður og búast má við að kostnaður verði umfram áætlun.

Ekki er gert ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs. Mun skóla- og frístundasvið því óska eftir því við borgarráð að samþykktur verði viðauki til að standa straum af þessum kostnaði.

Óska verður eftir viðauka vegna fjölgunar um fjóra nemendur (heildarfjöldi 11) vegna haustsins 2021 (20.ágúst – 31.desember) að upphæð kr. 27.633.407.- (4.33 x 1.455.265.- x 4 nem. + 4.33 x 557.000 x 1 nem).

Jafnframt þarf að tryggja að fjármagn verði í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs vegna 2022 að fjárhæð kr. 198.778.980 ef fjölgað verður um fjóra nemendur, heildarfjöldi 11.

Í áætlun skóla- og frístundasviðs 2021 eru nú kr. 98.800.000, því til viðbótar var gerður viðauki í ársbyrjun að fjárhæð 18.904.000 vegna barns sem byrjaði í Arnarskóla í desember sl. Núverandi fjárheimildir skv. B áætlun eru því kr. 117.704.000,-. Ef viðauki að fjárhæð kr. 27.633.407,- verður samþykktur mun B áætlun hækka í kr. 145.337.407.-

Jafnframt er vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 7. júní 2021. Fram kemur í framangreindu minnisblaði fjármála- og áhættustýringarsviðs að árlegur heildarkostnaður vegna 11 nemenda sé kr. 198.778.980. Sá kostnaður gæti hækkað eitthvað lítillega þar sem mánaðarleg skólagjöld eru tengd launavísitölu. Vöntun í ramma á ársgrundvelli væri því kr. 81.074.980. Vegna ársins 2021 væru áhrifin þó vegna hluta ársins þar sem nýir nemendur myndu hefja nám 20. ágúst og því væri vöntun í ramma ársins 2021 kr. 32.277.800, en þar af eru rúmar 4,5 m.kr. vegna vanfjármögnunar vegna þeirra 7 nemenda sem þegar eru við nám við skólann. Athugasemd varðandi það að gjaldskrá sérskóla Reykjavíkurborgar endurspeglir ávallt raunkostnað verður tekin til skoðunar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

Mun skóla- og frístundasvið því óska eftir því við borgarráð að samþykktur verði viðauki til að standa straum af þessum kostnaði.

#### *Umsögn skóla- og frístundasviðs*

Lagt hefur verið mat á þær 11 umsóknir sem borist hafa vegna skólavistar í Arnarskóla skólaárið 2021 - 2022 til samræmis við samþykkt verklag í borgarráði þann 21. janúar 2021 um meðferð umsókna í Arnarskóla. Niðurstaða matsins er að uppfyllt eru í öllum tilfellum viðmið um inntöku í Arnarskóla.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni vegna fjölgunar um fjóra nemendur í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs. Mun skóla- og frístundasvið því óska eftir því við borgarráð að samþykktur verði viðauki til að standa straum af þessum kostnaði.

## Meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í sjálfstætt rekinn sérskóla

Í tengslum við ákvörðun Reykjavíkurborgar um hvort greitt verði framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla er sett neðangreint verklag um umsóknarferlið en Arnarskóli er eini sjálfstætt starfandi sérskólinn.

Í framangreindu felst að Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélagið greiðir framlag vegna til Arnarskóla.

Í *fyrsta hluta umsóknarferils* kannar Reykjavíkurborg fjölda umsókna foreldra nemenda með lögheimili í Reykjavík í Arnarskóla. Umsóknir í Arnarskóla eru afgreiddar árlega í kringum 15. maí vegna komandi skólaárs og þurfa þær að hafa borist Reykjavíkurborg fyrir 1. mars ár hvert. Þá er staðreynt hvort uppfyllt séu skilyrði samþykktar umsókna.

Í *öðrum hluta umsóknarferils* er lagt fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð að taka ákvörðun um hvort fyrirbyggjandi umsóknir sem uppfylli skilyrði Reykjavíkurborgar verði samþykktar.

Í *þriðja hluta* gerir Reykjavíkurborg samning við Arnarskóla um framlag til hans vegna þeirra nemenda sem samþykkt hefur verið að fari í skólann.

### *Fyrsti hluti umsóknarferils:*

1. Foreldrar, þ.e. þeir sem fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum, geta sótt um skólavist í sérskóla fyrir barn sitt með lögheimili í Reykjavík, telji þeir, skólastjórnendur og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla.
2. Foreldrar sem óska eftir skólavist í sjálfstætt rekna sérskólanum Arnarskóla fyrir barn sitt sækja um til skólans sem metur hvort Arnarskóli geti mætt þörfum barnsins fyrir skóla- og frístundastarf. Telji skólinn að hann hæfi barninu leiðbeinir hann foreldrum um að þeir þurfi að sækja um á sérstöku eyðublaði og jafnframt fá samþykki Reykjavíkurborgar vegna greiðslu framlags til skólans. Jafnframt veitir skóla- og frístundasvið leiðbeiningar sem birtar eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
3. Það er skilyrði greiðslu framlags til Arnarskóla að um sé að ræða nemendur með lögheimili í Reykjavík með verulega hamlandi þroskahömlun og/eða einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.
4. Þar sem Arnarskóli er staðsettur utan Reykjavíkur ber að leggja fram **árlega** beiðni um skólavist í Arnarskóla auk umsókna um skólavist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda, sjá hér:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/umsoknir\\_pdf/beidni\\_um\\_namsvist\\_grunnskola\\_utan\\_logheimils.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/umsoknir_pdf/beidni_um_namsvist_grunnskola_utan_logheimils.pdf)

5. Umsóknarfrestur vegna skólavistar utan sveitarfélags í Arnarskóla er til 1. mars **árlega**.

6. Ef umsókn berst eftir 1. mars skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni til umfjöllunar vegna næstu afgangsráðs skóla- og frístundaráðs og borgarráðs að ári. Óski foreldrar ekki eftir framangreindu er litið svo á að umsókn hafi verið afturkölluð. Undanþegnu framangreindu eru umsóknir foreldra vegna barna sem eru að flytja lögheimili sitt og fasta búsetu til Reykjavíkur og sem eru nú þegar í Arnarskóla. Umsóknir þeirra skulu teknar til meðferðar þá þegar af skóla- og frístundasviði.
7. Sérstakt matsteymi leggur mat á þær beiðnir sem berast til skóla- og frístundasviðs.

Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri sérkennslu á fagskrifstofu grunnskóla, fulltrúi viðkomandi skólaþjónustu og fulltrúi frá einu af sérúrræðum borgarinnar sem við á hverju sinni, Klettaskóla, Brúarskóla eða sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.

8. Matsteymi skóla- og frístundasviðs aflar nauðsynlegra gagna og tekur mið af:

- Fyrirliggjandi greiningum um þroskaröskun barnsins til samræmis við 3. gr. í reglum þessum.

- Mati á stöðu barnsins í námi og skólastarfi frá leik- eða grunnskóla. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna hans, svo sem stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðna í skóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Matsteymið kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans og skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður námsmatsins.

- Mati annarra sérfræðinga/aðila sem hafa komið að málum sem varða leik- eða grunnskólagöngu barnsins.

- Hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegri til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.

- Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.

- Mati starfsfólks Arnarskóla á því hvernig aðstæður og möguleikar skólans séu líklegar til að hæfa þörfum viðkomandi barns og stuðla að framförum náms- og félagslega og í almennum þroska.

- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um stuðning við nemendur sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

8. Starfshættir matsteymis eru eftirfarandi :

- Matsteymið gætir að vandaðri stjórnslu, þar með talið jafnræðissjónarmiðum í störfum sínum við mat og afgangsráðs beiðna.

- Matsteymið getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu barna með þroskafrávik og sérfræðinga varðandi þroskafrávik viðkomandi barns. Foreldrar skulu hafa kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.

- Matsteymið getur falið sérfræðingi úr teyminu að fylgjast með barninu í núverandi aðstæðum þess í leik- eða grunnskóla, enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.

- Séu beiðnir fleiri en fjöldi þeirra nemenda sem heimild er fyrir í skólann, forgangsraðar matsteymið beiðnum eftir því hve hamlandi skerðingar viðkomandi barns eru í námi og skólastarfi.



- Afgreiðsla matsteymis skal liggja fyrir eigi síðar en 15. maí ár hvert. einum mánuði eftir að beiðni berst.

## 9. Afgreiðsla umsókna

Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla tekur ákvörðun um hvort uppfyllt séu skilyrði samþykktar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, upplýsinga og athugana matsteymis.

- Sé umsókn samþykkt tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra, með fyrirvara um samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.
- Sé lagt til að umsókn um skólavist verði synjað tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun.
- Sé ákvörðun tekin um synjun að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum tilkynnir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

### **Annar hluti umsóknarferils:**

Reykjavíkurborg getur tekið ákvörðun um greiðslu tilgreinds framlags til Arnarskóla fyrir tilgreindan fjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík á hverju skólaári samkvæmt ákvörðun skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.

Þegar fjöldi umsókna sem uppfylla viðmið um inntöku í Arnarskóla samkvæmt mati skólans og skóla- og frístundasviðs liggur fyrir, eftir 1. mars árlega, er skóla- og frístundaráð upplýst um fjöldann og jafnframt lögð fram tillaga um fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Áður hafi tillaga með kostnaðarmati verði send fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar til umsagnar. Samþykkttri tillögu skóla- og frístundaráðs um fjölda nemenda ber að vísa til afgreiðslu borgarráðs.

Samþykki er bundið við þá nemendur sem uppfylla skilyrðin.

Skóla- og frístundasviði er þrátt fyrir framangreint heimilt að taka til afgreiðslu umsóknir á grundvelli verklagsins vegna barna foreldra sem eru að flytja lögheimili sitt og fasta búsetu til Reykjavíkur og sem eru nú þegar í Arnarskóla með samþykki annars sveitarfélags.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar um greiðslu framlags, að lokinni afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs skal tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Miðað er við að umsóknir vegna komandi skólaárs verði afgreiddar fyrir 20. maí 2021.

### **Þriðji hluti – samningur við Arnarskóla**

Þegar samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs liggur fyrir um fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna og fjárhæð framlags er umsækjendum tilkynnt um niðurstöðuna og í kjölfarið gerir skóla- og frístundasvið samning við Arnarskóla um greiðslu framlags.

## Umsögn

**Viðtakandi:** Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Fjölgun reykvískra nemenda í Arnarskóla

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið taki til umsagnar tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um fjölgun barna í Arnarskóla.

Alls stunda nú sjö reykvískir nemendur nám í Arnarskóla og hafa borist umsóknir frá foreldrum þeirra allra um áframhaldandi skólavist árið 2021-2022. Skóla- og frístundasviði hafa auk þess borist fjórar nýjar umsóknir um inntöku reykvískra nemenda í skólann. Umsóknirnar, sem eru samtals 11 talsins, uppfylla þau viðmið sem Arnarskóli setur um skólavist.

Matsteymi Reykjavíkurborgar hefur lagt mat á umsóknirnar í samræmi við reglur sviðsins og verklag um inntöku nemenda til skólavistar í Arnarskóla. Það er niðurstaða matsteymis að allar umsóknirnar, þ.e. sjö framhaldsumsóknir og fjórar viðbótarumsóknir, uppfylli viðmið verklags Reykjavíkurborgar um inntöku nemenda í Arnarskóla. Það er jafnframt niðurstaða skóla- og frístundasviðs að þetta skólaúrræði hæfi mjög vel greindum þörfum barnanna.

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eru fjárheimildir til þess að greiða með sjö börnum í Arnarskóla. Verði samþykkt heimild til fjölgunar barna í Arnarskóla, þarf að gera ráð fyrir viðbótarútgjöldum sem þarf að fjármagna sérstaklega.

### Kostnaðarmat

Í kostnaðarmati skóla- og frístundasviðs með tillögunni kemur fram að gjald skólavistar sé greitt mánaðarlega og taki breytingum samkv. launavísitölu. Miðað er við átta tíma skóla- og frístundavist á dag og þjónusta er í boði alla mánuði ársins. Í apríl 2021 var mánaðarlegur kostnaður kr. 1.455.265 pr. nemanda. Áætlaður aukakostnaður vegna eins nemanda sem óskað hefur skólavistar frá ágúst 2021 er kr. 557.000 vegna þjónustuþyngdar. Árlegur heildarkostnaður vegna 11 nemenda væri því kr. 198.778.980. Samkvæmt skóla- og frístundasviði væru sambærileg úrræði í Klettaskóla kostnaðarsamari auk þess sem sá skóli er fullsetinn.

### Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs og gerir ekki athugasemdir við það. Á ársgrundvelli þyrfti sviðið að hafa kr. 198.778.980 til að geta boðið nemendunum 11 að stunda nám í Arnarskóla. Sá kostnaður gæti hækkað eitthvað lítillega þar sem mánaðarleg skólagjöld eru tengd launavísitölu. Vöntun í ramma á ársgrundvelli væri því kr. 81.074.980. Vegna ársins 2021 væru áhrifin þó vegna hluta ársins þar sem nýir nemendur myndu hefja nám 20.

ágúst og því væri vöntun í ramma ársins 2021 kr. 32.277.800, en þar af eru rúmar 4,5 m.kr. vegna vanfjármögnunar vegna þeirra 7 nemenda sem þegar eru við nám við skólann.

Skólaárið 2021 - 2022 Arnarskóli			
	11 nemendur	Í ramma	Vöntun í ramma
Mán. gjald	1.455.265		
Fjöldi nemenda	11		
Mánuðir	12		
Samtals skólagj	192.094.980		
auka gjald v. þjónustupýngdar	557.000		
Mánuðir	12		
Samtals viðbótark.	6.684.000		
<b>Samtals Alls</b>	<b>198.778.980</b>	<b>117.704.000</b>	<b>81.074.980</b>

Skólaárið 2020 - 2021 Arnarskóli				
	4 nemendur	7 nemendur	Í ramma	Vöntun í ramma
Mán. gjald	1.455.265	1.455.265		
Fjöldi nemenda	4	7		
Mánuðir	4,33	12		
Samtals skólagj	25.205.190	122.242.260		
auka gjald v. þjónustupýngdar	557.000	557.000		
Mánuðir	5	-		
Samtals viðbótark.	2.534.350	-		
<b>Samtals Alls</b>	<b>27.739.540</b>	<b>122.242.260</b>	<b>117.704.000</b>	<b>32.277.800</b>

Í minniblaði sviðsins kemur fram að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að nemandi sem kemur úr Klettaskóla eða einhverfudeild almenns grunnskóla taki með sér fjármagn úr viðkomandi úrræði og þess vegna þurfi að fjármagna viðbótarnemendur í Arnarskóla sérstaklega.

Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að mikilvægt er að börnum með sérþarfir sé úthlutað skólavist í viðeigandi úrræðum eftir þjónustupýngd. Reykjavíkurborg hefur byggt um afar sérhæft úrræði fyrir fötluð börn með miklar þjónustur í Klettaskóla, Brúarskóla og einhverfudeildum grunnskóla og nauðsynlegt að veða og meta hverju sinni hvernig þau rými eru nýtt. Útgjöld til Klettaskóla hafa aukist mikið á síðustu árum og skýrist það af umfangsmiklum endurbótum á húsnæði og búnaði, ásamt aukinni þjónustupýngd við börnin. Allt að 40% nemenda Klettaskóla koma frá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík og sendi borgin reykvíska nemendur í sérskóla utan sveitarfélagsins með fullri meðgjöf, þarf gjaldskrá borgarinnar fyrir skólavist í sérskólum hennar ávallt að taka mið af útlögðum kostnaði við þjónustuúrræði og þjónustupýngd til þess að gætt sé ytrustu hagkvæmni við nýtingu fjármagns borgarinnar.



Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Ytra mat grunnskóla

# Arnarskóli

febrúar 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kópavogsbæ.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir, Sædís Ósk Harðardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2616-7

## Efnisyfirlit

<b>Samantekt niðurstaðna.....</b>	<b>4</b>
Stjórnun og fagleg forysta .....	4
Nám og kennsla .....	5
Innra mat.....	5
<b>Skólaprófill .....</b>	<b>6</b>
<b>Upplýsingar um Arnarskóla .....</b>	<b>7</b>
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>9</b>
<b>Þáttur 1 Stjórnun og fagleg forysta .....</b>	<b>9</b>
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	11
<b>Þáttur 2 Nám og kennsla .....</b>	<b>13</b>
2.1 Inntak og námskrá .....	13
2.2 Árangur náms .....	13
2.3 Gæði kennslu .....	14
2.4 Skipulag náms.....	14
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	15
<b>Þáttur 3 Innra mat .....</b>	<b>17</b>
3.1 Skipulag.....	17
3.2 Framkvæmd.....	17
3.3 Umbætur .....	17

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Arnarskóla í Kópavogi sem fór fram á vorönn 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Stjórnun og fagleg forysta

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins 2020-2021 birtast á heimasíðu skólans og bæði skjöl uppfylla viðmið sem koma fram í aðalnámskrá.
- Viðmælendur í rýnihópum þekkja stefnu og gildi skólans.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu í svokölluðum ígrundunarkennslustundum og í kjölfarið fer fram umræða og endurgjöf.
- Fagteymi eru skipuð um hvern nemanda, þar fer fram fagleg umræða um nám og framfarir nemandans.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Skólaráðið hefur sett sér starfsáætlun og fundar annan hvern mánuð, fundargerðir eru skráðar og birtar heimasíðu skólans.
- Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á síðasta ári segja allir svarendur að skólanum sé vel eða mjög vel stjórnað.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.
- Skólabragur og starfsandi er góður að mati allra viðmælenda.
- Nýir starfsmenn fá tveggja vikna starfsþjálfun undir handleiðslu eins stjórnanda skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða stefnu skólans innan tveggja ára með þátttöku foreldra, nemenda og starfsmanna.
- Efla þarf að nýju samstarf við grenndarsamfélagið þegar samkomutakmörkunum er aflétt.
- Skólaráð haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um
- Vinna markvisst að því að foreldrar fái tækifæri til að hittast.
- Leita þarf leiða til að virkja nemendur til þátttöku í nemendafélagi og skólaráði.
- Gæta þarf þess að nýir starfsmenn fá samtalið við stjórnanda um stöðu og líðan í starfi.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsmanna og huga að endurbótum á skólalóð og aðkomu að skólanum.
- Mikilvægt er að hugað sé að álagi og andlegri líðan starfsmanna og þeir hvattir til að ástunda heilsuefningu.
- Fjölga þarf starfsmönnum með kennslufræðilega menntun og reynslu.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Einkunnarorð skólans eru sýnileg í starfi skólans og umhverfinu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru afar jákvæð og einkennast af virðingu.
- Kennari, tengill, atferlisfræðingur og stuðningsfulltrúi skiptast á að vera með nemanda yfir skóladaginn.
- Einstaklingsáætlanir innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfelli í námi nemenda.
- Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður af kennurum og tenglum.
- Farið er sameiginlega yfir allt mat á nemandanum og brugðist við niðurstöðum.
- Góð upplýsingagjöf tengla til foreldra um stöðu náms og framfara.
- Skóladagur nemenda er samfelldur og nær til frístundastarfs.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- Náms tími nemenda er vel nýttur.

### Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að starfsmaður sé aldrei einn með nemenda í lokuðu rými sem ekki sést inn í.
  - Auka samskipti og samvinnu á milli nemenda.
  - Þjálfa félagsfærni og samskipti milli nemenda.
  - Skapa eftir föngum aðstæður til markvissrar málnotkunar.
  - Kynna hverjum nemanda markmið náms á sínum forsendum.
  - Nýta upplýsingatækni markvisst í námi nemenda.
- Gæta þarf að námsframvindu nemenda þannig að ekki sé dvalið að óþörfu við námsmarkmið.

## Innra mat

### Styrkleikar

- Innra matið er álitnið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við innra mat.
- Mat á kennslu og kennsluháttum fer fram reglulega með ígründunarkennslustundum.
- Skýrsla um innra mat skólans er birt á heimasíðu skólans, þar koma fram leiðir til úrbóta.
- Val matsþátta byggir á áherslum skólans í skólastarfi.

### Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að skipa matsteymi með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans.
- Gera þarf áætlun um mat á markmiðum sem birtast í stefnu skólans.
- Skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum matsþáttum.



## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Arnarskóla

Arnarskóli er staðsettur við Kópavogsbraut 5 b og c. Skólinn fékk starfsleyfi sem grunnskóli í ágúst 2018 en hafði þar áður starfað sem skólaþjónusta frá 1. september 2017. Gildi skólans eru *sjálfstæði, gleði, fagmennska, virðing*. Arnarskóli er sérskóli fyrir börn með einhverfu og önnur þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða þjónustu allan ársins hring þar sem nemendur eru bæði í skóla og frístund á sama stað. Opið er alla virka daga ársins. Allir nemendur eru með stuðning allan daginn. Nemendahópnum er skipt upp í sex kennslustofur eftir námslegri stöðu og þörfum. Skólinn hefur ekki aðgang að íþróttasal en nýtir sundlaugar í grenndinni.

Skólinn er sjálfseignarstofnun (non-profit) og framkvæmdastjórn sér um reksturinn. Í framkvæmdarstjórninni eru skólastjóri, framkvæmdastjóri og tveir fagstjórar, sem deila með sér verkefnum. Fyrir liggur þjónustusamningur við Kópavogsbæ frá maí 2018, starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis ásamt viðurkenningu á þjónustusamningi frá Menntamálastofnun frá ágúst 2018.

Á vorönn skólaárið 2020-2021 voru 29 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	4	5	1	4	3	4	2	4	1	1
Fjöldi bekkjardeilda										

Starfsmenn Arnarskóla eru 55, þar af tveir í fæðingarorlofi. Stjórnendur eru fjórir, skólastjóri, framkvæmdastjóri og tveir fagstjórar í 4,0 stöðugildum.

Kennarar eru tveir í 1,2 stöðugildum auk skólastjóra sem hefur kennsluskyldu að hluta. Tenglar<sup>1</sup> eru 29 í 27 stöðugildum, þeir eru allir með BA eða BS próf. Stuðningsfulltrúar eru alls 16, þar af fjórir með háskólamenntun. Annað starfsfólk er þrennt í 2,3 stöðugildum. Skólinn nýtur þjónustu talmeinafræðings og sjúkraþjálfara.

Í skólanum tekur frístund við fyrir nemendur eftir að námstíma lýkur, en einn nemandi sækir frístund í heimasveitarfélagi.

Sjö nemendur eru af erlendum uppruna og enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi.

Alls fá sjö nemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og allir nemendur skólans vinna eftir einstaklingsnámskrá og með skilgreinda sérkennslu. Engar kennslustundir hafa fallið niður á skólaárinu.

### Upplýsingar vegna Covid-19

---

<sup>1</sup> Tengill er starfsmaður með háskólapróf á sviði uppeldis, menntunar eða sálfræði. Hann vinnur ásamt kennara og atferlisfræðingi að mótun einstaklingsnámskrár og sinnir þjálfun og kennslu undir handleiðslu umsjónarkennara og fagstjóra.

Skóla hefur ekki verið lokað vegna Covid-19 og daglegur kennslutími hefur ekki verið skertur en skólavistunartími (skóli + frístund) hefur verið skertur um 2 klst á dag í 12 daga á covid tímum. Á þessum tíma var skólinn opinn frá 9-16 en annars er hann opinn frá kl. 8:00-17:00.

Á tímabilinu 12.-24. október 2020 féll sund alveg niður vegna sóttvarnarlaga og svo aftur vegna mönnunar í tengslum við sóttkví starfsmanna í alls 18 stundir. List- og verkgreinar hafa færst til og eru kenndar á svæði hvers og eins nemanda en ekki í sameiginlegu rými eins og áður.

Heimilisfræði hefur fallið niður hjá öllum nemendum frá því sóttvarnarreglur voru settar í upphafi faraldursins í vor. En fyrir þá nemendur sem mögulegt hefur verið að vinna að markmiðum í heimilisfræði á þeirra svæði hefur kennsla verið óskert.

Þrír nemendur mættu ekki í skólann vorið 2020 á tímabilinu 16. mars til 4. maí. Öllum nemendum stóð til boða að fá kennslu heim. Foreldrar eins nemanda þáðu heimakennslu á tímabilinu 16. mars til 4. maí. Aðrir foreldra afþökkuðu heimsókn frá skólanum vegna sóttvarna. Í samráði við foreldra var það metið sem svo að fjarkennsla myndi ekki nýtast þessum nemendum. Reglulega var haft samband heim símleiðis og námsgögn útbúin í skólanum og send heim.

## Niðurstöður

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

### Þáttur 1 Stjórnun og fagleg forysta

#### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stefna skólans var mótuð við stofnun hans árið 2018 en það gerðu stjórnendur ásamt fulltrúum foreldra. Skólinn er í stöðugri þróun að sögn stjórnenda og stefnt er að endurskoðun stefnunnar eftir tvö ár. Gildi Arnarskóla eru *sjálfstæði*, *gleði*, *fagmennska* og *virðing*, þau eru sýnileg í skólanum og haldið á lofti í starfsháttum. Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins 2020-2021 eru birtar á heimasíðu skólans og bæði skjöl uppfylla viðmið sem koma fram í aðalnámskrá.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir hvernig grunnþættir menntunar birtast í skólastarfinu, einnig eru settir fram yfirþættir menntunar sem móta skólastarfið: *Hreyfi- og félagsfærni*, *sjálfshjálp og heilbrigði*, *þátttaka í samfélagi* og *frístundir og námsgreinar*. Útfærsla skólanámskrár birtist í einstaklingsnámskrám sem gerðar eru fyrir hvern nemanda út frá hans þörfum og þar eru sett markmið í þessum yfirþáttum menntunar.

Viðmælendur í rýnihópum þekkja stefnu og gildi skólans. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir hafi verið búnir að kynna sér stefnuna í þaula áður en sótt var um skólavist. Þar kom einnig fram að foreldrar eru ánægðir með einstaklingsmiðaða starfshætti í skólanum: *Skólinn er sniðinn að nemendum en ekki öfugt*.

Sérstaða skólans kemur glögg fram í skólanámskrá en „kannski þarf að kynna skólann betur fyrir samfélaginu“, segir í rýnihópi foreldra. Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í samskiptum við foreldra og hvetja starfsmenn til hins sama.

#### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hvetja starfsfólk til símenntunar, í starfsmannakönnun sem lögð var fyrir á síðasta ári segjast 82% svarenda fá hvatningu til að sækja sér aukna þekkingu. Símenntunaráætlun liggur fyrir og er mótuð árlega. Þar kemur fram að símenntun skiptist í þætti sem skólinn telur nauðsynlega og svo þætti sem hver starfsmaður telur nauðsynlega fyrir sig. Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu í svokölluðum ígrundunarkennslustundum og í kjölfarið fer fram umræða og endurgjöf sem telst vera framúrskarandi verklag.

Fagteymi eru skipuð um hvern nemanda undir stjórn umsjónarkennara og atferlisfræðings. Teymin hittast reglulega og þar fer fram fagleg umræða um nám og framfarir nemandans. Framfarir og árangur eru skráð nákvæmlega og starfsmenn fá leiðbeiningar um hvernig skráning er nýtt til að auka árangur nemenda.

Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópin sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og þeir telja að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum. Tæp 80% svarenda segjast í starfsmannakönnun hafa tækifæri til að hafa áhrif á starfið í skólanum

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leggja áherslu á jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið. Ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins og viðmið um foreldrasamskipti eru birt í skólanámskrá. Þar kemur m.a. fram að foreldrar fá upplýsingar ýmist daglega eða vikulega um helstu mál skóladagsins eða vikunnar. Samskiptaforrit er notað fyrir þessi samskipti. Fyrir hvern nemanda er skipaður tengill sem sér m.a. um samskipti við foreldra. „Samskiptin í Karellen eru sníld, maður fær strax upplýsingar eftir daginn“, sagði foreldri í rýnihópi. Í foreldrakönnun eru allir svarendur mjög sammála fullyrðingunni: *Ég er almennt ánægð(ur) með samskipti starfsmanna við nemanda*, og í rýnihópi foreldra segir: „Gott viðmót hjá öllu starfsfólki.“ Í sömu könnun segja 85% svarenda að foreldrafundir séu passlega oft og sama hlutfall finnst að samskipti foreldra og starfsmanna séu passleg. Samskipti milli foreldra eru ekki mikil og morgunfundir með foreldrum hafa lagst af vegna faraldurs. Foreldrafélag skólans er ekki virkt en fram kom í rýnihópi foreldra að þeir óskuðu eftir meiri samskiptum við foreldrahópinn.

Skólinn hefur lagt áherslu á samskipti við grenndarsamfélagið en dregið hefur úr þeim í faraldrinum sem nú geisar. Samstarf hefur einnig verið við leikskóla og grunnskóla í grenndinni og áhugi er á að koma á samstarfi við tónlistarskóla. Samstarf milli skóla/skólastiga er skráð í móttöku- og tilfærsluáætlun.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess hvað varðar stefnumörkun og ákvarðanir er snúa að skólastarfinu. Skólaráðið hefur sett sér starfsáætlun og fundar annan hvern mánuð, fundargerðir eru skráðar og vistaðar á heimasíðu skólans og þar má einnig sjá hverjir sitja í ráðinu hverju sinni. Fulltrúar í skólaráði eru ýmist kosnir lýðræðislegri kosningu eða leitað eftir sjálfboðaliðum. Nemendur eiga ekki fulltrúa í skólaráði. Skólaráðið hefur ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.

### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er hluti af starfi stjórnenda sem heimsækja kennslustundir og veita starfsmönnum endurgjöf og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Sífelld mat fer fram á árangri og framförum nemenda, matið er skráð og nýtt til að skipuleggja nám og kennslu.

Allt starf Arnarskóla er eitt stórt þróunarverkefni og nýbreytni í skólastarfi, segir á heimasíðu. Skólinn er í samstarfi við háskóla innanlands og utan „til að fá mat á það sem við erum að gera“, sagði skólastjóri í viðtali, en að hans sögn krefst samstarf við háskólann í Bandaríkjunum að skilað sé gögnum og mælingum um að kennsluhættir fari fram eins og áætlun gerir ráð fyrir. Á heimasíðu kemur fram að Arnarskóli hefur gert samstarfssamninga við háskóla um starfsþjálfun háskólanema. Þeir fá þjálfun og kennslu í gagnreyndum aðferðum í vinnu og kennslu með nemendum. Að auki tekur Arnarskóli þátt í rannsóknnum á því hvernig bæta megi kennslu og þjónustu við nemendur.

Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir starfsþróun sem nauðsynleg er talin hverju sinni vegna umbótaverkefna.

### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið liggja fyrir á heimasíðu skólans. Foreldrar í rýnihópi segjast þó lítið nota heimasíðuna, „upplýsingar koma fljótt“. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á síðasta ári segja allir svarendur að skólanum sé vel eða mjög vel stjórnað. Starfsmenn í rýnihópi segja mjög gott aðgengi að stjórnendum, „boðleiðir eru stuttar“. Í starfsmannakönnun sem lögð var fyrir á síðasta ári eru 85% svarenda sammála fullyrðingunni *Skólanum er vel stjórnað*. Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við skipulagið miðað við það sem kom fram í rýnihópum. Ef ágreiningsmál koma upp eru þau leyst að mati viðmælenda.

Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Að sögn skólastjóra er starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma kynnt lög um persónuvernd og trúnað.

Nemendafélag er ekki starfandi við skólann en verið er að finna leiðir til að virkja nemendur um sín málefni. Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.

Að sögn skólastjóra er fylgst með því að aðbúnaður í skóla sé öruggur og aðgengi er gott í skólahúsinu. Verið er að endurbæta vinnuáðstöðu og kaffistofu starfsmanna og er hún í bráðabirgðahúsnæði í vetur. Í rýnihópi foreldra kom fram að lýsingu utandyra, aðkomu að skólanum og skólalóð sé ábótavant.

### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Starfslýsingar allra starfsmanna eru birtar í starfsáætlun. Af 53 starfsmönnum eru fjórir með menntun í kennslufræðum þar af þrír með leyfisbréf. Við skólann starfa auk þess þrír atferlisfræðingar, þrír þroskaþjálfar, þar af tveir með mastersgráðu í hagnýtri atferlisgreiningu, tenglar með háskólamenntun sem nýtist í starfi og stuðningsfulltrúar að kennslu, umönnun og þjálfun nemenda.

Við stjórnun skólans er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta og starfsmenn segjast fá hrós og hvatningu frá stjórnendum. Skólabragur og starfsandi er góður að mati allra viðmælenda og í starfsmannakönnun eru 88% svarenda sammála fullyrðingunni *Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi*. Í sömu starfsmannakönnun segja 59% svarenda álag vera of mikið eða allt of mikið og rýnihópi kom fram að mikið álag er á starfsmenn, sérstaklega stuðningsfulltrúa.

Nýir starfsmenn fá tveggja vikna starfsþjálfun undir handleiðslu eins stjórnanda skólans, í fyrri vikunni fylgjast þeir með og fá kynningu á starfsháttum skólans og í seinni vikunni vinna þeir með nemendum undir umsjón. Starfspróunarsamtöl eru árleg en gæta þarf þess að ekki líði of langt þar til nýir starfsmenn fá samtal við stjórnanda um stöðu og líðan. Einnig að reglulega sé hugað að álagi og andlegri líðan starfsmanna. Í samtölum við starfsmenn kom fram að þeir hafi að undanfögnu upplifað álag í starfi og geti ekki alltaf tekið sér tilskilda hvíld í daglegu starfi með nemendum.

### 1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og sækir m.a. námskeið í HÍ sem hluta af sínum námsferli. Aðrir stjórnendur sem eru atferlisfræðingar verða að skila vottorðum um ákveðna endurmenntun til að halda réttindum.

Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Starfsmenn segjast í starfsmannakönnun fá hvatningu til að sækja sér menntun (79%) og fá leiðsögn þegar þeir þurfa á

henni að halda (94%). Í rýnihópum starfsmanna kom aftur á móti fram að lítið sé hugað að heilsu starfsmanna og þeir séu ekki hvattir sérstaklega til að huga að heilsueflingu.

#### Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins 2020-2021 birtast á heimasíðu skólans og bæði skjöl uppfylla viðmið sem koma fram í aðalnámskrá.
- Viðmælendur í rýnihópum þekkja stefnu og gildi skólans.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu í svokölluðum ígrundunarkennslustundum og í kjölfarið fer fram umræða og endurgjöf.
- Fagteymi eru skipuð um hvern nemanda, þar fer fram fagleg umræða um nám og framfarir nemandans.
- Lítið er á starfsmannahópinn sem liðsheild og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Skólaráðið hefur sett sér starfsáætlun og fundar annan hvern mánuð, fundargerðir eru skráðar og birtar heimasíðu skólans.
- Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á síðasta ári segja allir svarendur að skólanum sé vel eða mjög vel stjórnað.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.
- Skólabragur og starfsandi er góður að mati allra viðmælenda.
- Nýir starfsmenn fá tveggja vikna starfsþjálfun undir handleiðslu eins stjórnanda skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða stefnu skólans innan tveggja ára með þátttöku foreldra, nemenda og starfsmanna.
- Efla þarf að nýju samstarf við grenndarsamfélagið þegar samkomutakmörkunum er aflétt.
- Skólaráð haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um
- Vinna markvisst að því að foreldrar fái tækifæri til að hittast.
- Leita þarf leiða til að virkja nemendur til þátttöku í nemendafélagi og skólaráði.
- Gæta þarf þess að nýir starfsmenn fá samtalið við stjórnanda um stöðu og líðan í starfi.
- Bæta þarf vinnuástöðu starfsmanna og huga að endurbótum á skólalóð og aðkomu að skólanum.
- Mikilvægt er að hugað sé að álagi og andlegri líðan starfsmanna og þeir hvattir til að ástunda heilsueflingu.
- Fjölga þarf starfsmönnum með kennslufræðilega menntun og reynslu.

## Þáttur 2 Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Einkunnarorð Arnarskóla eru sýnileg í starfi skólans og umhverfinu. Menntastefna stjórnvalda eins og hún birtist í lögum, aðalnámskrá og reglugerðum endurspeglast í skipulagi og störfum skólans. Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og er mjög skýr og greinargóð. Ekki er um eiginlega námsvísa að ræða þar sem hver og einn nemandi er með sína einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrár eru ítarlegar og tilgreina tilhögun og framkvæmd stuðnings við nemendur. Stuðningur við nemendur er afar mikill og markviss og tekur til allflestra þátta skólastarfsins, nemendur fá stuðning frá því þeir koma í skólann og þar til skóla lýkur.

Matsmenn urðu lítið varir við markvissa þjálfun málnotkunar eða samveru jafningja hjá sumum hópum. Í einstaklingsnámskrám má sjá að lagt er upp með áherslu á aukna málnotkun og málskilning nemenda. Nemendur eiga sín heimasvæði, borð stól og hillur sem er skilgreint sem þeirra námssvæði og þar vinna þeir með sínum kennara, tengli eða stuðningsfulltrúa. Markmið einstaklingsnámskráa byggja m.a. á lykilhæfni og markmiðum aðalnámskrár, lagt er upp með rauntengt nám og kom fram í viðtölum við kennara að nemendur fá til að mynda þjálfun í að fara í klippingu og fer sá undirbúningur fram í skólanum í nokkurn tíma áður en farið er, einnig er farið í hverfisverslun að versla til að tengja saman nám og reynslu.

Í skólanum sést að borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda sem eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg foreldrum og sumir nemendur fá kynningu á þeim. Sjö nemendur eru af erlendum uppruna sem er um 25% nemendahópsins. Þeir fá að sögn stjórnenda kennslu í íslensku sem öðru máli.

### 2.2 Árangur náms

Mjög mikil áhersla er á mat og skráningu á framförum og hæfni nemenda. Mikil eftirfylgd er með árangri og framförum allra nemenda og hann skráður af kennurum og/eða tenglum. Mikil áhersla er á að þjálfun og áætlun nemandans skili árangri, staðan metin reglulega og endurskoðuð ef þörf er á. Viðmið um árangur sem tengjast þjálfun, námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og öllum aðgengileg. Nám og kennsla í Arnarskóla einkennast af mjög skipulögðu kerfi eða námskrá sem ættuð er frá Bandaríkjunum, *Autism Curriculum Encyclopedia*, sem allt skólastarf er sniðið kringum. Tenglar og kennara nota þetta kerfi á tölvutæku formi, ACE til að skrá niður allt er viðkemur atferlismótun og þjálfun nemenda. Fyrir nemendur sem forsendur hafa til notar skólinn matstækið Lesferil frá Menntamálastofnun til að fylgjast með árangri í grunnþáttum læsis. Þar eru framfarir hvers nemanda skráðar. Auk þess hafa bæði Logos lesgreiningartæki og Talnalykill verið notuð.

Mikil áhersla er á samvinnu starfsmanna og fara kennarar og tenglar sameiginlega yfir niðurstöður mats og gera áætlanir saman. Fram kom í rýnihópaviðtölum við kennara og tengla að farið væri yfir stöðu nemenda í hverju rými í lok dags, auk þess hittist fagteymi hvers nemanda á tveggja til þriggja vikna fresti. Í fagteyminu eru umsjónarkennari, atferlisfræðingur og starfsmaður sem gegnir hlutverki



tengils en það er oftast háskólamenntaður starfsmaður með B.S. próf í sálfræði. Teymið vinnur í samvinnu við foreldra að markmiðum sem lögð er áhersla á við kennsluna og skipulag skólastarfs með hagsmunum nemandans að leiðarljósi.

### 2.3 Gæði kennslu

Stefna skólans um kennsluhætti kom mjög greinilega í ljós í vettvangsathugunum matsmanna. Sjálfstæði, gleði, fagmennska og virðing eru einkunnarorð skólans og eru þau áberandi í öllu skólastarfinu. Markmiðið er að nemendum líði vel í skólanum og að góð samvinna sé á milli heimilis og skóla og kom það vel fram í rýnihópaviðtölum. Matsmenn fylgdust með námi og kennslu hjá öllum hópum og einstaklingum og í fjölbreyttum námsgreinum í samtals 17 klukkustundir eða sem nemur rúmum 25 kennslustundum.

Kennarar, atferlisfræðingar og tenglar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu og þeir vinna saman með hópa og einstaklinga. Ákveðið ferli á sér stað yfir daginn þar sem kennari, tengill, atferlisfræðingur og stuðningsfulltrúi skiptast á að vera með nemandanum. Fjöldi nemanda á hverju svæði er að meðaltali fimm nemendur, tveir nemendur voru einir í lítilli stofu með starfsmanni, einn vegna sóttvarnaraðgerða, tveir til að skapa námsaðstæður við hæfi. Í örfáum tilvikum sáu matsmenn kennslustund þar sem nemendur sátu saman í krók, kennari stýrði verkefni og aðrir starfsmenn voru þá hjá sínum nemanda og aðstoðuðu hann. Að sögn skólastjóra er hópastarf óvenjulítið af sóttvarnaástæðum. Matsmenn töldu námsaðstæður nemenda almennt góðar en urðu ekki varir við samvinnu nemenda í námi eða umræður og samskipti nemenda á milli.

Skipulag kennslu og verkefna virðist um margt gott og námstíminn vel nýttur þar sem hver mínúta er skipulögð og kennslustundinni er skipt niður í lotur sem eru mislangar eftir úthaldi hvers og eins. Í viðtali við kennara kom fram að dagsform hvers og eins hefði mikið að segja, ef nemendur koma inn í skólann ósofnir og ekki tilbúnir í mikið nám þá fara þeir í auðveldari verkefni svo sem að lita eða leira.

Markmið kennslu og verkefna eru skráð í einstaklingsáætlanir hvers nemanda og metin reglulega. Teymið í kringum nemandann fylgist markvisst með framförum nemandans og eru foreldrar vel upplýstir um hvernig gengur og þeir koma að vinnu við markmið og einstaklingsnámskrá. Í viðtali við kennara kom fram að nemendur sem hafa til þess færni, setji sér markmið í náminu, þeir hafa sett sér markmið í þemaverkefnum og varðandi lestur. Skoðað er hvar áhugi þeirra liggur og hvað þeim finnst skemmtilegt og það haft með í grunnvinnu við einstaklingsnámskrá. Stöðugt er verið að meta nemendur og tekur námsmatið mið af kennsluháttum þó svo það sé ekki fjölbreytt. Almennt virðast nemendur fá verkefni og viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið og færni.

### 2.4 Skipulag náms

Skipulag kennslu er afar stýrt og gerir lítið ráð fyrir sjálfstæði eða samvinnu nemenda í námi. Einnig er lítið svigrúm í skipulaginu fyrir umræður og skoðanaskipti í námi. Matsmenn urðu lítið varir við samskipti nemenda á milli eða samvinnu þeirra. Í viðtölum við kennara kom hins vegar fram að ástandið í Covid-19 hefur gert það að verkum að samstarf og samvinna milli hópa hefur legið niðri og útivera verið með öðru sniði en áður.

Það er áberandi hversu mikil eftirfylgd og mat á framförum nemenda á sér stað í skólanum, tengill, kennari og atferlisfræðingur fylgjast markvisst með stöðu síns nemanda og skrá niðurstöður og gera áætlanir í tengslum við þær í samvinnu við foreldra og nemenda eftir því sem því verður við komið.

Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum sem eru einnig einstaklingsbundin og mótuð að þörfum hvers og eins. Matsmenn sáu hvernig tjáskiptaforrit var notað fyrir nemendur sem það þurfa. Nemendur sem þurfa auka hreyfingu hafa til þess tækifæri svo sem með því að fara á göngubretti sem þarna er. Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda eins og hægt er.

Upplýsingatækni virðist ekki mikið notuð í námi og kennslu en spjaldtölvur hins vegar talsvert notaðar í umbunartímum nemandans. Í viðtölum kom fram að grenndarsamfélagið væri nýtt til samstarfs, sundlaug er í nágrenninu og sjúkráþjálfari sem þar starfar sinnir nemendum. Nemendur fara í hverfisverslun til að tengja saman nám og athafnir daglegs lífs sem og hárgreiðslustofu í hverfinu. Í viðtölum kom einnig fram að skólalóðin mætti vera betur búin útileikföngum fyrir nemendur.

## 2.5 Námsvitund

Í vettvangsathugunum sást að nemendur eru virkir í kennslustundum og sýna almennt námi sínu áhuga innan þeirra marka sem við er að búast. Nemendur fá reglulega umbun sem er í mismunandi formi, s.s. í formi leiks eða fá spjaldtölvu smástund. Nokkrir fá sælgæti eða eitthvað matarkyns eftir hverja svörun, getur verið nokkrum sinnum á mínútu. Samkvæmt skólustjóra byggir ætíleg umbun á ígrundun og samráði við foreldra. Sumir nemendur safna stjörnum eða myndum af einhverju sem tengist áhugahvöt þeirra. Þeir fá síðan sérstaka umbun þegar ákveðnum fjölda stiga er náð. Einn nemandi er að safna sér upp í stærri umbun og leggur því sín stig í bauk.

Allt skipulag er afar sýnilegt og sjá nemendur sem það á við alltaf hvað þeir eru komnir með mörg stig og vita hversu mörgum stigum þeir þurfa að safna til að fá umbunina. Í rýnihópaviðtali við nemendur kom fram að þeir eru meðvitaðir um það hvenær þeir eru að gera vel og rétt og nefna í því tilviki það sem þeir eru að safna t.d. broskallar, kórónur, riddarahjálmar og stjörnur. Nemendum eru hins vegar ekki alltaf ljós markmið og hvers vegna þeir eru að gera þetta og til hvers sé ætlast af þeim. Í vettvangsathugunum sátu nemendur oftast við borð og unnu verkefni undir stjórn tengils.

Foreldrar eru hafðir með í ráðum þegar um er að ræða einstaklingsmarkmið og einstaklingsnámskrár en samkvæmt kennurum og nemendum koma nemendur sjálfir ekki að þeirri vinnu. Þegar kemur að því að meta eigið nám þá er umbunarkerfið notað, nemendur taka sjálfir stjörnuna eða þá mynd sem þeir velja að safna og setja á blað þegar ákveðnu verkefni er lokið. Almennt telja nemendur sig ekki fá um það að segja hvernig verkefni þeir gera, heldur stýri kennari því. Kennarar ráða almennt hvernig nemendur vinna saman í þörum og hópum þegar það á við.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru afar jákvæð og einkennast af virðingu og kom þetta vel í ljós í vettvangsheimsókn sem og rýnihópaviðtölum. Matsmenn urðu hins vera ekki mikið varir við samvinnu innan nemendahópsins og skýrir sérstaða skólans það að einhverju leyti þó svo að mikilvægt sé að efla það sem mest. Sjónarmiða nemenda um námsumhverfi, fyrirkomulag skólstarfs, líðan og félagslegar aðstæður er aflað í gegnum svokallað dálætisval, þar hafa nemendur til að mynda valið að fá rólur á skólalóðina.

### Styrkleikar

- Einkunnarorð skólans eru sýnileg í starfi skólans og umhverfinu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru afar jákvæð og einkennast af virðingu.
- Kennari, tengill, atferlisfræðingur og stuðningsfulltrúi skiptast á að vera með nemanda yfir skóladaginn.
- Einstaklingsáætlanir innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda.
- Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður af kennurum og tenglum.
- Farið er sameiginlega yfir allt mat á nemandanum og brugðist við niðurstöðum.
- Góð upplýsingagjöf tengla til foreldra um stöðu náms og framfara.
- Skóladagur nemenda er samfelldur og nær til frístundastarfs.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- Náms tími nemenda er vel nýttur.

### Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að starfsmaður sé aldrei einn með nemenda í lokuðu rými sem ekki sést inn í.
- Auka samskipti og samvinnu á milli nemenda.
- Þjálfa félagsfærni og samskipti milli nemenda.
- Skapa eftir föngum aðstæður til markvissrar málnotkunar.
- Kynna hverjum nemanda markmið náms á sínum forsendum.
- Nýta upplýsingatækni markvisst í námi nemenda.
- Gæta þarf að námsframvindu nemenda þannig að ekki sé dvalið að óþörfu við námsmarkmið.

## Þáttur 3 Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Innra matið er álitid mikilvægt og sjálfsgædur hluti af skólastarfinu. Að sögn skólastjóra er það í þróun og ákveðin þættir teknir fyrir á hverju ári. Val matsþátta byggir á áherslum skólans í skólastarfi. Á síðastliðnu skólaári voru sjö þættir skólastarfsins metnir og settir rýnihópar til að meta m.a. starfshætti og námsframvindu. Framfarir og árangur nemenda er metinn með símati auk þess sem rýnihópur hefur verið settur til að skoða leiðir til að meta námsframvindu nemenda. Mat á kennslu og kennsluháttum fer fram reglulega með ígrundunarkennslustundum, „við erum að skapa þá menningu að það sé eðlilegt að stjórnendur komi inn í stofur og veiti endurgjöf“, sagði skólastjóri í viðtali.

Upplýsingar um innra mat skólans koma fram í skólanámskrá og niðurstöður eru birtar í innramatsskýrslu sem er á heimasíðu skólans. Langtímaáætlun um innra mat á næstu þremur árum hefur verið gerð, þar kemur fram að ákveðin þættir eru metnir á hverju ári en aðrir á tveggja ára fresti.

Skólinn leggur viðhorfakannanir fyrir foreldra og starfsfólk árlega. Niðurstöður kannana eru kynntar á starfsmannafundum og í skólaráði. Mat á stefnu skólans hefur ekki farið fram enda stutt síðan skólinn tók til starfa en að sögn skólastjóra verður mat á stefnuþáttum sett í langtímaáætlun.

### 3.2 Framkvæmd

Framkvæmdastjórn skólans hefur haldið utan um innra matið en að sögn skólastjóra er stefnt að þátttöku allra hagsmunaaðila í matsteymi skólans.

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að meta skólastarfið, m.a. eru lagðar kannanir fyrir foreldra og starfsmenn og rýnihópar hafa verið stofnaðir um einstaka matsþætti. Auk þess er skólinn í samstarfi við utanaðkomandi sérfræðinga til að meta þróun á heildstæðri þjónustu skólans. Í langtímaáætlun kemur fram hver ber ábyrgð á hverjum matsþætti, leiðir í matinu og hvenær metið er.

### 3.3 Umbætur

Skýrsla um innra mat skólans er birt á heimasíðu skólans, þar er fjallað um skipulag og framkvæmd einnig kemur fram að niðurstöður eru markvisst notaðar til umbóta í skólastarfinu.

Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundum og í skólaráði og þar fer fram umræða um matið og umbætur í kjölfar þess. Þannig hafa hagsmunaaðilar tækifæri til að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd. Innra matið er á sama hátt kynnt fyrir stjórn skólans. Í viðtölum við stjórnanda og í rýnihópi kennara og tengla kom fram að mat á árangri nemenda og kennsluháttum sé stöðugt í gangi og að niðurstöður skimana og kannana séu nýttar markvisst til umbóta í daglegu starfi með nemendum.

Í skýrslu um innra mat koma fram umbætur sem stefnt er að í tengslum við niðurstöðum hvers matsþátta. Þar koma fram leiðir til úrbóta, hver ber ábyrgð og hvernig umbætur verða endurmetnar. Viðmið um árangur eru ekki birt.

### Styrkleikar

- Innra matið er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við innra mat.
- Mat á kennslu og kennsluháttum fer fram reglulega með ígrundunarkennslustundum.
- Skýrsla um innra mat skólans er birt á heimasíðu skólans, þar koma fram leiðir til úrbóta.
- Val matsþátta byggir á áherslum skólans í skólastarfi.

### Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að skipa matsteymi með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans.
- Gera þarf áætlun um mat á markmiðum sem birtast í stefnu skólans.
- Skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum matsþáttum.